

Alþingi

Erindi nr. P 137/467

komudagur 29.6.2009

Nefndasvið Alþingis  
b/t Efnahags- og skattanefndar  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

26. júní 2009

Tilvísun: 2009060068

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um kjararáð o.fl., ákvörðunarvald um launakjör forstöðumanna, 114. mál.**


Fjármálaeftirlitið vísar til bréfs, dags. 19. júní sl., þar sem Efnahags- og skattanefnd Alþingis óskaði eftir umsögn Fjármálaeftirlitsins um frumvarp til laga um kjararáð o.fl., ákvörðunarvald um launakjör forstöðumanna, 114. mál.

Fjármálaeftirlitið vill koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri.


1. Samkvæmt 1. gr. frumvarpsins skal kjararáð ákveða laun og starfskjör forstöðumanna hlutafélaga. Rétt er að benda á að samkvæmt lögum um hlutafélög nr. 2/1995 er hlutafélagi stjórnað af framkvæmdarstjóra en ekki forstöðumanni.
2. Samkvæmt 2. gr. frumvarpsins skal kjararáð gæta þess að föst laun fyrir dagvinnu verði ekki hærri en föst laun forsætisráðherra skv. 3. gr. laganna. Er það skilningur Fjármálaeftirlitsins á ákvæðinu, að teknu tilliti til athugasemda við frumvarpið, að ákvæðið komi ekki í veg fyrir að viðkomandi aðilum sé greitt sérstaklega fyrir yfirvinnu, þrátt fyrir að það leiði til þess að laun viðkomandi fari yfir föst laun forsætisráðherra.
3. Samkvæmt almennum athugasemdum við frumvarpið er megin markmið þess að laga rekstur ríkisins að gjörbreyttum efnahagslegum raunveruleika til að mæta stórfelldum tekjusamdrætti. Í umsögn fjárlagaskrifstofu Fjármálaráðuneytisins kemur fram að launakostnaður stofna í A-hluta ríkissjóðs fyrir dagvinnu lækki um allt að 12.m.kr. á ári. Rétt er að benda á að Fjármálaeftirlitið er ekki á fjárlögum heldur hefur stofnunin sjálfstæðan fjárhag sem fjármagnaður er með álagningu gjalda á eftirlitsskylda aðila skv. lögum nr. 99/1999 um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit við fjármálastarfsemi. Þannig hefur launakostnaður forstjóra Fjármálaeftirlitsins til lækunar ekki bein áhrif á ríkissjóð. Ekki fæst heldur sé að í umsögn fjárlagaskrifstofu hafi verið tekið tillit til tekjumissis ríkissjóðs vegna lægri skatttekna er breytingin hefur óhjákvæmilega í för með sér.
4. Ekki kemur fram í frumvarpinu eða athugasemdum við það hvaða áhrif frumvarpið hafi á gildandi ráðningarsamninga. Þannig er ekki ljóst af frumvarpinu hvort líta megi svo á að viðkomandi samningum hafi verið sagt upp eða hvort talið sé að lögin felli þá úr gildi á annan hátt. Mikilvæg er að slíkt komi fram í frumvarpinu eða a.m.k. í athugasemdum við frumvarpið þar sem í frumvarpinu er samningsfrelsi viðkomandi aðila varðandi launakjör skert ásamt því að gripið er inn í þegar gerða samninga.
5. Að lokum er rétt að benda á mikilvægi þess að lög komi ekki í veg fyrir að mögulegt sé að manna opinberar stofnanir og fyrirtæki í eigu hins opinbera með hæfu starfsfólki.

Virðingarfyllst,

FJÁRMÁLAÆFTIRLITIÐ



Gunnar P. Andersen



Árný J. Guðmundsdóttir